



SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða Styrkir 2021

Yfirlit yfir styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða vegna ársins 2021. Umsóknir voru 164 talsins en veitt ný styrkvilyrði 53. Árangurshlutfall var þannig 34%.

Heildarupphæð styrkvilyrða var 48.000.000 kr.

Við þá upphæð bætast 10.600.000 kr. sem var úthlutað 2020 til verkefna sem tóku til fleiri en eins árs. Heildarúthlutun fyrir árið 2021 var því 58.600.000 kr.

Hér eru aðeins nefndir þeir sem hlutu styrkvilyrði í úthlutun 2021.

Sunnanverðir Vestfirðir



Bleikjueldi á bújörð – samlegð með ferðaþjónustu Eldi og umhverfi

500.000 kr.

Er mögulegt að ala bleikju með arðbærum hætti í Hænuvík?

Aðstæður til bleikjueldis í Hænuvík kortlagðar og gerð grunnathugun á mögulegum jarðhita í landinu. Upplýsingar um vatnshita er grunnþáttur er varðar vaxtarhraða fiska, sem er lykilþáttur er varðar framleiðsluveltu og arðsemi.

Markaðssetning á siglingum við
norðanverðan Breiðafjörð
Norðankaldi
1.000.000 kr.
Siglingar frá Brjánslæk um
norðanverðan Breiðafjörð.
Markaðssetning og gerð heimasíðu.



Hljóðleiðsögn á Hnjóti
Minjasafn Egils Ólafssonar
500.000 kr.

Útbúa og taka upp hljóðleiðsögn og bjóða þannig upp á leið fyrir gesti safnsins að fræðast um og upplifa sögu og menningu sunnanverðra Vestfjarða með skemmtilegum og nýstárlegum hætti. Hljóðleiðsögn mun einfalda mikið störfín á Hnjóti, en hingað til hefur verið boðið uppá lifandi leiðsögn um safnið, en með auknum fjölda ferðamanna hefur reynt erfitt að sinna öllum gestum samtímis.

Góðmeti
Flak
1.700.000 kr.
Sveitamarkaður á vefnum sem selur neytendavænar magnpakkningar sem innihalda matvæli frá framleiðanda og sendir heim að dyrum kaupenda. Hagnýt lausn sem byggir á stafrænni tækni og sameinar stóra og smáa framleiðendur undir einum hatti í vefverslun. Góðmeti vinnur náið með framleiðendum og eflir samstarf og tengslanet innan landshluta og á landsvísu.





Blús milli fjalls og fjöru

600.000 kr.

Tveggja daga tónlistarhátíð á Patreksfirði þar sem blúsinn er allsráðandi. Haldin um mánaðamótin ágúst/september. Hátíðin verður haldin í tíunda sinn í ár og metnaður mikill í að gera sífellt betur en áður. Áhersla er lögð á vandaða dagskrá á hóflegu miðaverði.

Ice Biltong – hönnun á vörumerki og gerð viðskiptaáætlunar

Víkingur Sindri Ólafsson

400.000 kr.

Undanfarið ár hefur verið unnið að því að þróa vöru sem er nú fullbúin. Þar er áhersla lögð á að nýta ódýra hluta af nautakjöti og vinna úr því verðmætari vöru og auka með því nýtingu og verðmætasköpun. Næstu skref eru að hanna heildarútlit á vörumerkið og vinna markaðs- og viðskiptaáætlun. Varan er fullunnin hér fyrir vestan, hún er hrein og holl og mikilvægt að í hönnun og heildarútliti vörunnar nái það að skína í gegn.

Umhverfismál á heimavelli

Samtök atvinnurekenda á sunnanverðum Vestfjörðum

500.000 kr.

Vestfirðir vilja halda ímynd sinni um hreina náttúru og kyrrð auk þess að vera öflugt samfélag í góðum alþjóðlegum tengslum með vöru og þjónustu. Staðan á sunnanverðum Vestfjörðum greind af sérfræðingum á sviði umhverfismála. Verkefnið verður fært á heimavöll 82 fyrirtækja sem leitast við



að vinna eftir nýjustu leiðum á sviði umhverfis og grænna lausna með sjálfbærni að leiðarljósi.



Menningar- og viðburðadagskrá

Flak

500.000 kr.

Frá upphafi hefur Flak verið hugsað sem suðupottur fyrir hvers konar list- og menningarviðburði. Markmiðið er að auðga list- og menningarlíf á sunnanverðum Vestfjörðum og efla félagslíf og menningartengda ferðaþjónustu með fjölbreyttum viðburðum á borð við tónleikaraðir, listsýningar og fræðslufundi.

Viðgerð listasafns og kirkju Samúels

Félag um listasafn Samúels

1.500.000 kr. til tveggja ára

Undanfarna tvo áratugi hefur Félag um listasafn Samúels unnið að endurreisn verka og bygginga Samúels. Mest orka hefur farið í að koma upp aðstöðu á staðnum með því að endurgera hús Samúels sem aðstöðuhús og að halda í horfinu með viðgerðum. Nú er komið að því að gera við veggj og þök listasafnsins og kirkjunnar þannig að listasafnið nýtist sem sýningarsalur og kirkjan sem menningarhús.



Skrímslasetrið

Félag áhugamanna um stofnun skrímslaseturs

2.750.000 kr. til fjögurra ára

Skrímslasetrið á Bíldudal hefur verið rekið allt frá árinu 2009. Aðstandendur að setrinu er hópur sjálfboðaliða sem hefur komið að verkefninu frá byrjun. Félagið hefur sett sér það markmið að bæta við sýninguna á hverju ári. Verkefni næstu ára er að ná að ljúka uppbyggingu bæði á húsnaði og sýningu.

Norðanverðir Vestfirðir

Act Alone 2021 - Á mörkunum

1.500.000 kr.

Act Alone er hátíð eins manns senunnar á Íslandi og er eina sinnar tegundar hér á landi og jafnvel í heiminum.

Nú stöndum við á mörkunum á öllum sviðum og því verður Act Alone 2021 haldin Á mörkunum, nánar tiltekið á þremur stöðum á Vestfjörðum sem allir eru á mörkunum.

Á hverjum stað verður boðið upp eins dags skemmtun í formi einleikja, tónlistar, ritlistar, dans og

annarra einstakra listviðburða. Eins og áður verður ókeypis inn á alla viðburði hátíðarinnar.



Í garðinum hjá Láru

Pétur Albert Sigurðsson

750.000 kr.

Tónleikaröð í garðinum hjá Láru á Þingeyri, á tímabilinu júní til september. Góð aðstaða til tónleikahalds með nýju sviði, fínu hljóðkerfi og rúmgóðu útisvæði fyrir áhorfendur.

Aðgengi er mjög gott. Úrval íslenskra tónlistarmanna munu koma fram, þekktir flytjendur sem óþekktir, þaulreyndir og minna reyndir, konur og karlar. Val á flytjendum er miðað að því að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Snjóflóðasafnið á Flateyri

Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson

1.500.000 kr.

Snjóflóð eru mannskæðustu náttúruhamfarir Íslandssögunar, en þrátt fyrir það er hvergi fræðast um þessa mestu náttúruvá Íslands með áþreifanlegum hætti. Með uppsetningu á snjóflóðasafni á Flateyri er verið að svara mikilli eftirspurn eftir upplýsingum um snjóflóðin á Flateyri og víðar. Lögð verður áhersla á fræðslu og forvarnir í bland við persónulegar frásagnir, sýndarveruleika, ásamt munum og myndefni frá snjóflóðum á Íslandi.





Kómedíuleikhúsið

1.300.000

Kómedíuleikhúsið hefur verið rekið af mikilli bjartsýni síðan 2001.

Starfrækt verður áfram atvinnuleikhús Vestfjarða og boðið uppá leiksýningar árið um kring í leikhúsinu í Haukadal auk þess sem ferðast er um landið með verkin.

Stefnt er að því að setja upp að minnsta kosti eina nýja sýningu árlega.

Leikárið hefst með frumsýningu á nýju leikriti, Bakkabræður. Einnig verða fjögur önnur leikverk úr smiðju Kómedíuleikhússins á fjölnum og loks fáum við gestasýningu frá brúðuleikhúsinu Handbendi. Kómedíuleikhúsið er líka að fara af stað með sitt eigið hlaðvarp og sinnir bókaútgáfu um leiklist. Afurðir starfsins má m.a. heyra á Storytel.

Endurhönnun og staðsetning vörumerkis og efling
markaðsmála

Fiskvinnslan Hrefna

1.000.000 kr

Endurhönnun og -staðsetning vörumerkisins Ísfirðingur. Áherslur stafrænnar markaðssetningar verða innleiddar með uppsetningu á heimasíðu og öflugum markaðsstarfi á samfélagsmiðlum. Mörkuð verður vörumerkjastefna, umbúðir og annað útlit verður hannað og myndefnis verður aflað til notkunar í markaðsverkefnum.



Með verkefninu er ætlunin að innleiða hönnun í markaðs- og kynningarstarfi vörumerkisins m.a. með því að samræma útlit og skilaboð alls efnis sem kemur frá fyrirtækinu.

Fullvinnsla aukaafurða: Framleiðsla áfengra drykkja úr mysu

Arna

2.000.000 kr.

Í mjólkurvinnslu Örnú í Bolungarvík falla til tæplega tvær milljónir lítra af mysu á ári. Mysa er náttúruleg aukaafurð sem verður til við framleiðslu á ostum og skyri, en losun hennar er kostnaðarsöm og getur haft neikvæð umhverfisáhrif. Markmið verkefnisins er að lágmarka sóun og neikvæð umhverfisáhrif með því að fullvinna hráefni sem er unnið úr í Örnú og finna vannýttum aukaafurðum nýjan virðisaukandi farveg með því að framleiða úr þeim nýjar verðmætar afurðir.



Bambahús á Vestfjörðum

Bambahús

1.000.000 kr

Bambahús eru gróðurhús byggð úr 1000 lítra vökvaumbúðum, IBC tönkum sem kallast bambar. Þannig eru endurnýttar umbúðir sem annars væru urðaðar. Verkefnið stuðlar því að sjálfbærni og ræktun, sparar fyrirtækjum kostnað við að farga, gefur samfélaginu tækifæri til að stunda sjálfbæra matarframleiðslu og minnkar þannig kolefnissporið. Þessi hluti verkefnisins snýst um að koma á fót útibúi á Bíldudal.


Örlaganótt: Könnun á raunhæfni hugmyndar

Katrín Björk Guðjónsdóttir

500.000 kr.

Verkefnið felst fyrst og fremst í vinnu sérfræðinga við úrvinnslu hugmyndar um einstaka upplifunar- og margmiðlunarsýningu um nóttina örlagaríku árið 1995 er snjóflóð féll á íbúðarhúsið að Unnarstíg 1 á Flateyri.

Verði niðurstöður jákvæðar er stefnt að því að koma upp algjörlega einstakri sýningu er byggist á nýjustu tæknimöguleikum í sérhönnuðum sýningarskála, sem gæti einnig haft notagildi og aðdráttarafli sem almennur sýningarsalur, safn og upplýsingaþjónusta.



Náttúrugripasafn Bolungarvíkur

Nýstárlegt og frumlegt Náttúrugripasafn í Bolungarvík

Náttúrustofa Vestfjarða

1.000.000 kr.

Náttúrugripasöfn gegna lykilhlutverki í samfélaginu og auka vísindalega þekkingu fólks á öllum aldri. Sú þekking hvetur fólk til að takast á við þau umhverfis- og samfélagsleg vandamál sem t.d. heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna telja brýnust. Endurhönnun Náttúrugripasafns Bolungarvíkur miðar að því að veita vísindalega fræðslu til almennings á nýstárlegan og frumlegan hátt með áherslu á virka þátttöku gesta við miðlun efnis.



Þróun, nýsköpun og framtíðarsýn

True Westfjords

750.000 kr.

Vinna stefnumótunar- og viðskiptaáætlun til og með 2025. Fyrirtækið var stofnað fyrir um 8 árum og hefur unnið að þróun ýmissa lýsisafurða úr þorskalifur. Nú er tímabært að huga að því að skala reksturinn upp í umfangsmeiri starfsemi. Markmið verkefnisins er að skilgreina tækifærin og hvað þarf að gera til að nýta þau sem best, einkum er varðar; vöruþróun, framleiðslu, markaðssetningu, sölu, dreifingu, fjármögnun og mannauð.

Færastangir

Jón Hafþór Marteinsson

600.000 kr.

Um er að ræða nýja tegund veiðibúnaðar sem gerður er að mestu úr áli. Búnaðurinn er viðbót við rafmagnsfæravindur og hentar öllum færabátum. Þessi búnaður, sem við köllum færastangir, framlengir færin í 170° radius á bát og allt að 5 metra út fyrir lunningu báts. Þegar færarúlla dregur inn færnið lyftist stöngin sjálfkrafa og færir krókana upp að hlið bátsins og í þá hæð sem sjómaður óskar.

Listastaður - listskapandi staður fyrir alla

Jagoda Wolnik

300.000 kr.

Markmið verkefnisins er að samþætta og virkja íbúa Vestfjarða, einkum Bolungarvíkur, með listrænni starfsemi og stofnun vinnustofu sem er búin þeim tækjum sem nauðsynleg eru til að hrinda sköpunarstarfi í framkvæmd. Rýmið verður í boði fyrir alla sem hafa áhuga og námskeiðin verða þannig hönnuð að allir geta tekið þátt í þeim. Engar aldurstakmarkanir.





Flakið

Lýður Árnason

500.000 kr.

Leikin bíómynd í fullri lengd, handrit frumsamið. Framleiðandi myndarinnar er kvikmyndafélagið Í einni sæng sem er Vestfirðingum kunnugt. Myndin fylgist með alþjóðlegum útskriftarhópi atvinnukafara sem

kemur til Íslands. Fyrir hópnum fer íslensk stúlka og markmið ferðarinnar er að komast að dularfullum örlögum ömmu stúlkunnar sem bjó í þorpi í afskekktum firði en druknaði ung að árum. Samhliða er saga ömmunnar rakin og í ljós kemur að ekki er allt sem sýnist.

Sjálfbærni - alla leið

Ævintýradalurinn

1.000.000 kr.

Fiskirækt, garðyrkja og orkuframleiðsla samtvinnuð í einn pakka. Áherslan er lögð á lágmarks mengun. Vatn frá fiskeldi rennur í gróðurhús hlaðið áburði frá fiskunum fyrir plönturnar. Plönturnar hreinsa vatnið sem er dælt til baka með orkunni sem vatnið og vindurinn framleiða.

Inn í kerfið fer sól, vatn, fóður og orka. Út fer hreint vatn, grænmeti og fiskur.



Skíðagöngubærinn

Hótel Ísafjörður

1.750.000 kr.

Markaðsátak með áherslu á Ísafjörð sem skíðagöngubærinn. Ísafjörður þróaður sem vetraráfangastaður með áherslu á skíðagöngu og vetrarferðamennsku almennt.

Þróun skíðagöngunámskeiða sem Hótel Ísafjörður hf. hefur staðið fyrir ásamt kaupum á lazer-rifflum til að styðja við fjölbreyttari afþreyingu á námskeiðunum.



Aldrei Fór Ég Suður

1.500.000 kr. til þriggja ára

Tónlistarhátíð fyrir alla fjölskylduna, þar sem fremsta tónlistarfólk landsins kemur fram í bland við heimafólk og reynsluminna listafólk.

Hátíðin hefur þróast mikið frá því hún var sett á laggirnar fyrir sextán árum síðan og hefur náð að dreifa úr sér á fleiri viðburði og víðar um Ísafjarðarbæ og nágrenni. Það er ókeypis á hátíðina og má segja að vestfirsk samfélag bjóði landsmönnum heim í páskaveislu á hverju ári.

Menningarviðburðir í Edinborgarhúsinu

1.500.000 kr.

Menningarmiðstöðin Edinborgarhúsið mun standa fyrir fjölbreyttum viðburðum á árinu 2021. Vegna COVID-aðstæðna verður áhersla lögð á að hafa viðburði sveigjanlega svo unnt sé að bregðast við mögulegum fjöldatakmörkunum, t.d. með tæknilausnum. Boðið verður upp á tónleika, leiksýningar, myndlistasýningar, danssýningar, bókmenntavökur og aðra viðburði fyrir alla aldurshópa. Þetta verða rótgrónir viðburðir í bland við nýja og framsækna, ýmist á vegum ME eða í samstarfi við aðra aðila íslenska og erlenda, innan svæðis og utan.



Tungumálatöfrar

1.300.000 kr. til fjögurra ára

Áhugafélag um fjöltyngi og fjölmenningu með það að markmiði að bjóða upp á íslenskunámskeið með listsköpun og leik fyrir börn og unglunga. Í þróun eru sumarbúðir fyrir unglingastigið í samstarfi við Lýðskólann á Flateyri. Árlega stendur félagið fyrir málþingi á Ísafirði og rannsóknarsamstarfi við prófessorsembættið á Hrafns eyri og Árnastofnun. Töfragangan er bæjarhátíð í lok námskeiðsins og er hátíðin opin öllum.

Lax á þangi

Jake Maruli Thompson

1.500.000 kr.

Lax á þangi vill koma á markað þurrkuðum laxaafurðum sem auka verðmæti fisksins og bjóða þeim sem ekki borða kjöt upp á valkost við ítalskar afurðir á borð við salami. Til að koma þessari hugmynd í framkvæmd er nauðsynlegt að vinna viðskiptaáætlun. Úrvals lax, ríkur af Omega-olíum, verður bragðbættur með t.d. þangskeggi, trufflu sjávarins, auk þess að bjóða upp á kjötfrián valkost við kórísó. Vannýttur afskurður úr fiskeldi verður notaður í framleiðsluna. Það dregur úr sóun.

Vöruþróun og hönnun á vistvænum gjafaumbúðum

Dokkan brugghús

1.000.000 kr.

Dokkan brugghús tók til starfa á Ísafirði árið 2018. Mikill metnaður er lagður í merkingar dósa og nöfnin valin út frá kennileitum á Vestfjörðum og hafa verið hönnuð merki sem lýsa hverjum stað sem bjórinn er nefndur eftir. Þetta hefur gert mikla lukku og er töluverð eftirspurn eftir gjafaöskjum með mismunandi tegundum af bjórum í, þar sem vistvæn hönnun, merki og nöfn bjóranna fá að njóta sín.



Hversdagssafn - museum of everyday life

1.000.000 kr.

Á Hversdagssafninu á Ísafirði er safnað og miðlað menningu hins daglega lífs í gegnum frásagnalist, sjón- og hljóðræna miðla.

Aðstandendur safnsins búa til sýningar sem eru byggðar á rannsóknarvinnu og djúpvíðtölum.

Á safninu eru nú þrjár gagnvirkar kjarnasýningar auk opins sýningarýmis fyrir gestasýningar og 20 mínútna löng kvikmyndadagskrá í litlum bíósal.

Safnið stendur einnig fyrir vinnusmiðjum og samstarfsverkefnum sem snerta viðfangsefni safnsins.



Nr 4 Umhverfing

Jón Sigurpálsson

750.000 kr.

Sýningin nr.4 Umhverfing er ferðalag um Dali og Vestfirði vörðuð listaverkum eftir myndlistarmenn sem eiga þangað rætur eða hafa sest þar að.

Hugmyndin er að setja upp myndlistarsýningar á stöðum og í húsnæði þar sem ekki er hefð fyrir nútíma myndlistarsýningum. Athyglinni verður t.d. beint að mannvirkjum og eyðibýlum sem er þar að finna. Þau verða notuð sem sýningastaðir og leitast við að vekja athygli á þeim menningarverðmætum sem þau hafa að geyma. Myndin er af verki Þórdísar Öldu Sigurðardóttur utan við Sjóminjasafnið á Hellissandi sem var hluti af Nr.3 Umhverfingu sem fór fram á Snæfellsnesi 2019.

Opera 2022

Tónlistarskóli Ísafjarðar

500.000 kr.

Undirbúningur við óperuverkefni á Vestfjörðum vorið 2022, þar sem ætlunin er að fulltrúar þriggja landa taki þátt. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir skrifar texta, en Peter Tóth, tónskáld og deildarforseti Tónlistarháskólans í Szeged, semur tónlistina. Hugmyndin er komin frá bæjarlistamanni Ísafjarðar 2018, Beáta Joó.

Bach, Schubert og Spohr

Herdís Anna Jónasdóttir

200.000 kr.

Herdís Anna, ísfrisk söngkona, fær með sér í lið heimsþekktu tónlistarmenn; þá Dimitri Þór Ashkenazy klarinettuleikara og Semion Skigin píanóleikara til að halda þrenna tónleika á Íslandi; á Ísafirði, Akureyri og í Hörpu, Reykjavík.

Á dagskránni eru verk fyrir þessa hljóðfærasamsetningu eftir Johan Sebastian Bach, Franz Schubert og Louis Spohr. Einstakt tækifæri til að heyra þessa fallegu tónlist í flutningi listamanna í heimsklassa.





CARBON – KÖLVETNI
Vísindi listanna / listin í vísindunum

CARBON – KÖLVETNI Vísindi listanna / listin í vísindunum

Kol og salt

300.000 kr.

Verkefnið felst í að para saman gestalistafólk/listafólk og vísindamenn á Vestfjörðum. Vísindamaðurinn deilir rannsóknarverkefni sínu með listamanninum og listamaðurinn flytur viðfangsefnið áfram á eigin forsendum en í samráði við viðkomandi vísindamann. Afraksturinn verður þeirra beggja í formi sýninga, kynninga, heimildarmynda eða hvers annars miðils sem hentar efninu hverju sinni.

Fyrsta F. Chopin tónlistarhátíðin á Ísafirði

Fryderic Chopin tónlistarfélagið á Íslandi

300.000 kr.

F. Chopin tónlistarfélagið á Íslandi vill halda fyrstu F. Chopin tónlistarhátíðina á Ísafirði.

Á dagskrá verða hátíðartónleikar og stutt kynning þar sem áheyrendum gefst kostur á að varpa fram spurningum og kynnast ennþá betur verkum úr efnisskrá.

Tónlistarhátíðin mun gefa vestfirskum tónlistarunnendum tækifæri til þess að njóta heimstónlistar í flutningi fremstu tónlistarmanna en einnig þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref í stóra tónlistarheimi.



Gönguleiðir og náttúruskoðun á Vestfjörðum

Henry John Fletcher

250.000 kr.

Skapandi leiðarvísir um
Vestfirði.

Efnið okkar býður lesandanum að finna eigin leið um Vestfirði, eða að finna sér leiðir á mismunandi forsendum: göngu um víðerni og tjaldstæði, heitt og kalt sund, matarupplifun, frásagnir, viðburði, listsköpun og snertingu við menningarvistfræði svæðisins.

Strandir og Reykhólar



Kraftur úr hafinu

Jamie Lai Boon Lee

1.500.000 kr.

Með aðaláherslu á að nýta ætan afskurð úr íslenskri matvælaframleiðslu sýnir Kraftur úr hafinu hvernig hægt er að nota vannýtt hráefni til að búa til nýjar vörur, draga úr sóun og skila bændum hagnaði. Uppskriftir úr íslensku hráefni, þ.m.t. þangi, eru prófaðar til að búa til nýjar bragðtegundir. Lokaafurðir eru m.a. hágæða handverkssúpukraftur og krydd sem auðvelt er að flytja og selja erlendis. Með verkefninu skapast grunnur fyrir afleiddan matvælaiðnað.

Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum

1.000.000 kr.

Sýningin er helguð bátum og hlunnindum Breiðafjarðar. Þar gefst öllum aldurshópum færi á að kynnast æðarfugli og súðbyrðingnum. Á neðri hæð sýningarinnar er bátavélasýning. Sýningin leggur einnig áherslu á að vera með uppákomur á borð við skemmtikvöld, fræðslufundi og nemendaheimsóknir.



Sýningin rekur einnig upplýsingamiðstöð fyrir Reykhólahrepp, minjagripaverslun og Bátakaffi.



Útisýning á Drangsnosi

Félag áhugafólks um stofnun grásleppu- og nytjaseturs Stranda

300.000 kr.


Útisýning á völdum gripum í eigu félagsins. Stefnt er að því að koma þeim í sýningarhæft form og vinna að fjölbreyttu sýningarefni. Sýningin sjálf verður sérstök útisýning haldinn á Drangsnosi sumarið 2021 þar sem ólíkar miðlunarleiðir verða nýttar. Tilgangur sýningarinnar er að sýna og auka þekkingu á vinnubrögðum gamla tímans hvort sem um ræðir vinnslu á grásleppu, rekaviði eða veiðum og verkun hákarls. Áherslan er þó einkum á allar hliðar veiða, vinnslu og matarmenningu tengdri grásleppu.

With Love, from Iceland

Jamie Lai Boon Lee

1.000.000 kr.

With Love, from Iceland er kynning á mat og menningu frá afskekktu horni Íslands. Þetta verkefni safnar vörum frá Íslandi, einkum frá Vestfjörðum, og selur þær í áskrift og gjafapakkingum. Þjónustan er þematengd og er miðuð að árstíðum og hátíðahöldum. Fjölbreyttum vörum er pakkað ásamt fallegum og heillandi menningargripum eins og ljósmyndum, ljóðum, sögum og myndskreiðum í sérhannaða kassa og þær sendar til viðskiptavina um allan heim.



Strandagaldur

2.750.000 kr.

Strandagaldur hefur rekið Galdrasýningu á Ströndum frá árinu 2000 með góðum árangri. Um er að ræða verkefni sem hefur margvísleg hlutverk sem eru að vera menningarstofnun, leiðandi ferðaþjónustuaðili, veitingastaður og stofnun sem vinnur að því að efla samfélagið á Ströndum. Galdrasýningin hefur þá sérstöðu að vera eina safnið sem er opið á ársgrundvelli og ætlum við að halda þeirri stöðu, því við teljum það mikilvægt fyrir svæðið og ferðaþjónustuna í heild á Vestfjörðum.

Náttúrubarnahátíð og Náttúrubarnaskóli
á Ströndum

Sauðfjársetur á Ströndum

1.500.000 kr.

Náttúrubarnaskólinn er viðamikil nýsköpunarverkefni sem Sauðfjársetur á Ströndum stendur fyrir, en skólinn stendur fyrir skemmtilegum námskeiðum og viðburðum á Sauðfjársetrinu. Verkefnið snýst um uppbyggingu menntatengdrar



ferðaþjónustu sem byggir á náttúrutúlkun og þjóðfræði. Á árinu 2021 verður áhersla lögð á viðamikla og vandaða Náttúrubarnahátíð, einnig að færa verkefnið í átt til sjálfbærni með markaðssetningu, sölu fjölskyldunámskeiða og námskeiðahald víðar um Vestfirði.



Hönnun umhverfsvænna umbúða og vöruþróun

Húsavíkurbúið á Ströndum, Matthías Sævar Lýðsson

750.000 kr.

Húsavíkurbúið er kjötvinnsla með úrvinnslu og sölu á eigin sauðfjárafurðum. Stefnt er að vöruhönnun á umhverfsvænum umbúðum þar sem plastumbúðum verður skipt út fyrir umhverfsvænni umbúðir, eins og kostur er. Einnig verður hannað nýtt útlit og merkingar á

umbúðir.

Aflað verður aukinnar þekkingar á meðferð og úrvinnslu sauðfjárafurða. Þróaðar verða nýjar vörur og núverandi framleiðsluvörur bættar. Dreigið verður úr sóun með því að nýta betur það hráefni sem unnið er með.

Vöruhönnun úr bjarnfirskum kirsuberjum

Anna Björg Þórarinsdóttir

750.000 kr.

Á Svanshóli í Bjarnarfirði á Ströndum eru ræktuð lífræn kirsuber sem eru algjört sælgæti. Sérstaða verkefnisins byggir á staðsetningu og umgjörð ræktunar, en markmið þessa verkefnis er vöruþróun og vöruhönnun á afurðum kirsuberja og annara ávaxta. Markmiðið er að svara eftirspurn neytenda eftir fjölbreyttari vörutegundum með framleiðslu og framsetningu á fleiri fullunnum vörum úr þessu sérstaka hráefni, samhliða því að skapa störf og tekjur fyrir heimamenn.



Hvítabjarna-samstarfið

Sauðfjársetur á Ströndum

750.000 kr.

Ætlunin er að viðurkenndu söfnin þrjú á Vestfjörðum setji saman upp sérsýningu og farandsýningu, þar sem viðfangsefnið er hvítabjarnakomur til Vestfjarða í gegnum tíðina. Margar frásagnir eru varðveittar af slíkum heimsóknum og sumar þjóðtrúarkenndar og ævintýrlegar í meira lagi.

Miðað er við að sýningin verði fyrst sett upp á Sauðfjársetrinu á Ströndum og

færast síðan til Ísafjarðar og að lokum að Hnjóti í Örlygshöfn. Sýningin verði uppi í ár á hverjum stað.

Álagablettir - síðari áfangi

Sauðfjársetur á Ströndum

500.000 kr.

Ætlunin er að gefa út bók og setja upp vefsýningu um álagabletti á Ströndum og einnig verður hugað að slíkri þjóðtrú víðar á Vestfjörðum og á landsvísu í þessu samhengi. Bókin og vefsýningin mun leysa af hólmi tímabundna sýningu um álagabletti sem hefur verið uppi á listasviðinu í Sauðfjársetri á Ströndum allt frá 2013.

Sauðfjársetrið hefur síðustu misseri verið að skoða og undirbúa bókaútgáfu

tengda rannsóknum og nú um síðustu jól kom út frumraun seturins á þessu sviði: Strandir 1918.



Leikrit í fullri lengd

Leikfélag Hólmavíkur

300.000 kr.

Setja á upp leikrit í fullri lengd. Leikverk hefur ekki verið ákveðið en þó er líklegt að í ár verði fyrir valinu gamanleikrit eða jafnvel farsí. Farsar og gamanleikrit hafa jafnan tekist vel í uppsetningum Leikfélags Hólmavíkur og vakið mikla lukku meðal áhorfenda. Undirbúningur er hafinn en framundan er leikritaval, samlestur og æfingar. Stefnt er að því að frumsýna verkið í apríl 2021.

Leikstjóri og verkefnastjóri hafa þegar verið ráðnir, og það styttist í að leikarar bætist í hópinn.

Sýslið.is, auðkenni & markaðsefni

Ásta Þórisdóttir

300.000

Sýslið verkstöð er miðstöð skapandi greina á Ströndum, staðsett á Hólmavík. Sótt er um styrk til að gera vefsíðu fyrir fyrirtækið, auðkenni og markaðsefni. Verkefninu er ætlað að búa til grunn fyrir markaðssetningu og miðlun fyrir fyrirtækið.



Skúlpúraslóð á Hólmavík
Arnkatla - lista- og menningarfélag
300.000 kr.

Verkefnið snýst um að setja upp 5-6 útilistaverk sem mynda skúlpúraslóð á og við Hólmavík. Upphafsréitur slóðarinnar er við Galdrasýninguna þar sem fyrsti skúlpúturinn er risinn. Þaðan liggur leiðin inn að Kópnesi sem er gamalt kotbýli við Kópnesbraut og síðan eftir göngustíg inn fyrir þorpið, undir Kálfanesborgum. Listaverkin eru útilistaverk og í sumum er fléttað er saman list og nýjustu tækni,

ljósi og hljóði, svo skúlpútararnir séu að hluta gagnvirkir og fari í gang þegar einhver nálgast þá.



Viðburðir norðan Djúps

Sögumiðlun

600.000

Í Dalbæ kynnir Sigvaldi Snær Kaldalóns útgáfu á tónverkum afa síns, Sigvalda Kaldalóns, í tilefni þess að 140 ár eru liðin frá fæðingu tónskáldsins og 75 ár frá því útgáfan hófst. Lög eftir 9 unga listamenn og -konur, tileinkuð Sigvalda Kaldalóns, verða frumflutt í Unaðsdalskirkju. Í Steinshúsi verður ljóðaflutningur þar sem lög við ljóð Steins Steinarrs verða flutt í bland við upplestur ljóða

eftir Stein og undir áhrifum af ljóðum hans. Umsjón hefur Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson rithöfundur.

Þjóðleikur
Leikfélag Hólmavíkur
200.000 kr.

Verkefnið Þjóðleikur snýst um leikstarfsemi ungs fólks á landsbyggðinni, uppsetningu á nýjum íslenskum leikritum sem eru sérstaklega skrifuð fyrir unglunga sem allra víðast á Vestfjörðum í samvinnu við skóla, leikfélög og leiklistarhátíð vorið 2021. Verkefninu var hleypt af stokkunum af Þjóðleikhúsinu sem vildi tengja sig á lifandi hátt við ungt fólk á aldrinum 13-20 ára á landsbyggðinni og efla þannig bæði áhuga þess og þekkingu á listforminu leiklist.

